

Nd.

414. Nefndarálit

[21. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hafa borizt margar umsóknir um ríkisborgararétt.

Frá ráðuneytinu voru umsóknir að berast nefndinni nærri til nóvembermánaðarloka. Og jafnvel enn síðar bárust nefndinni umsóknir. Nefndin hefur eftir föngum kynnt sér þessar umsóknir og skjöl þau og vitnisburði, er umsóknunum fylgja. Við afgreiðslu málsins hefur nefndin í höfuðatriðum lagt til grundvallar ákvæði laga nr. 64 1935, um ríkisborgararétt.

Það útlenda fólk, sem nefndin leggur nú til að öðlist islenskan þegnrétt, hefur minnst átt hér heimili um 10 ár, en margt af því hefur átt heima hér miklu lengur, sumir yfir 20 ár.

Margt af þessu fólki er fjölskyldufólk, útlendir menn giftir islenskum konum. Börn sumra eru í æsku, en annarra eru uppkomin. Þau hafa notið uppeldis hér, hlotið menntun í skólum landsins o. s. frv., o. s. frv.

Með umsóknum þessa fólks er vitnisburður mætra og þekktra manna um framkomu og hegðun þess.

Frá mörgum mönnum bárust nefndinni umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar, sem hún treysti sér ekki að taka til greina. Er það fyrst og fremst sakir þess, að þetta fólk hefur átt hér heima of skamman tíma.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Berlin, Johannes Erik Fridolf, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. janúar 1916 í Finnlandi.
2. Bröring, Francisca Elisabeth Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 13. júlí 1910 í Hollandi.
3. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
4. Halldóra Elín Jónsdóttir, saumakona á Akureyri, fædd 10. október 1928 á Íslandi.
5. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
6. Husby Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. október 1918 í Noregi.
7. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, saumakona á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýskalandi.
8. Juul, Thyra Marie, lyfjafræðingur í Reykjavík, fædd 1. marz 1897 í Danmörku.
9. Keil, Max Robert Heinrich, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 14. janúar 1908 í Þýskalandi.
10. Kummer, Gunnar Paul, verkamaður í Grindavík, fæddur 3. október 1934 í Þýskalandi.
11. Kummer, Kristmundur Herbert, nemandi í Grindavík, fæddur 8. ágúst 1933 á Íslandi.
12. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. september 1918 í Noregi.
13. Lindberg, Peter Hans, skipasmiður í Hafnarfirði, fæddur 5. ágúst 1920 í Færeyjum.
14. Lönning, Eilif Olufsen, verkamaður í Kópavogshreppi, fæddur 7. janúar 1896 í Noregi.
15. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1916 í Færeyjum.

16. Münch, Ferdinand Emil Bruno, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. september 1937 í Þýzkalandi.
17. Pettersen, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. september 1908 í Noregi.
18. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
19. Schulz, Frithjof Max Karlsson, nemandi í Reykjavík, fæddur 6. maí 1937 í Þýzkalandi.
20. Syre, Gerd, vinnukona á Ísafirði, fædd 28. febrúar 1904 í Noregi.
21. Syre, Valborg, saumakona á Ísafirði, fædd 15. ágúst 1908 í Noregi.
22. Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, vélamaður í Reykjavík, fæddur 17. nóvember 1916 í Finnlandi.
23. Thomassen, Olufine Louise, vinnukona á Patreksfirði, fædd 8. ágúst 1912 í Noregi.
Réttur þessi tekur og til barns hennar, Jan Wladyslāw Lotkowski, sem fæddur er 15. marz 1943 í Reykjavík.
24. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.

ÁkJ hefur áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma við málið.

Alþingi, 10. des. 1951.

Jörundur Brynjólfsson,	Jóhann Hafstein,	Emil Jónsson.
form., frsm.	fundaskr.	
Áki Jakobsson.	Jónas G. Rafnar.	